

Umhverfisstofnun
B.t. Steinar Rafn Beck Baldursson
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík



Táلكnafjörður 5. maí 2020

Efni: Ósk um breytingu starfsleyfa Arctic Sea Farm vegna umhverfsvottaðra ásætuvarna

Reynsla Arctic Sea Farm hefur sýnt að nótnavottur vegna ásæta hefur slæm áhrif á fiska í eldiskvíum og eykur netaslit. Er það einna helst hrognkelsin sem verða fyrir áhrifum og leiðir til beinna affalla þeirra en einnig hefur þvotturinn áhrif á lífsgæði laxa. Nótnavotturinn skapar álag fyrir eldisfiskinn og streitu svo ekki sé minnst á gruggið sem þvotturinn skapar og skerðir sýn þeirra. Álag á nætur eykst við ásætur en ekki síst við að þvo þær af með háþrýstipvotti sem eykur slit sem svo aftur getur leitt til þess að hætta er á að net rifni og þar af leiðandi aukna hættu á slysaleppingum.

Arctic Sea Farm hefur haft það að leiðarljósi í sínu eldi að það sé ástundað á sem umhverfisvænstan hátt og hefur undanfarin 4 ár verið vottað samkvæmt ASC umhverfisstaðlinum. Sá staðall tekur líka á dýravelferð líkt og þau sem lýst er hér að ofan og heimilar ASC ákveðnar ásætuvarnir samkvæmt staðlinum. Áður höfum við sent hjálaga upplýsingabréf varðandi Greenline E5 (8. apríl 2020) með virka efnið díkparoxíð sem jafnframt hefur verið samþykkt af Umhverfisstofnun (vöruflokkur 21 fyrir svæfivörur).

Af þessum ástæðum óskar Arctic Sea Farm eftir að í starfsleyfum fyrirtækisins fyrir eldi í sjó (Dýrafirði, Patreksfirði og Táلكnafirði) verði sett inn heimild til notkunar á ásætuvörnum á nætur sem innihalda koparoxíð.

Einnig óskar Arctic Sea Farm eftir því að tekið verði úr þéttleika mörk í grein 3.5 þar sem stendur „Þéttleiki lífmassa í kví skal ekki vera meiri en 15 kg/m³“ í samræmi við fyrri samskipti.

Vöktunaráætlun Arctic Sea Farm á eldisvæðum hafa verið uppfærð og í henni tilgreint varðandi umhverfismælinga á kopar og hefur grunnstyrkur kopars verið mældur í samræmi við ASC staðalinn. Uppfærðar vöktunaráætlanir eru hjálagðar ásamt skýrslum er innihalda mælingar á grunnildum kopars á staðsetningum í Patreksfirði og Táلكnafirði. Áður hafa verið sendar upplýsingar um grunnildi kopars við Haukadalsbót í Dýrafirði sem mæld voru 2016 en ný sýni voru tekin á staðsetningunni í mars sl. og verða niðurstöður sendar um leið og þær berast.

Virðingarfyllst,

Eva Dögg Jóhannesdóttir

A handwritten signature in blue ink that reads "Eva Dögg". The signature is written in a cursive, flowing style.